

TELEFAX

Alþingi
Erindi nr. B 121/875
komudagur 4/2 1997

Til.
Allsherjarnefnd Alþingis
Þórshamri v/Templarasund,
150, Reykjavík.
Fax: 563-0610


Frá.
Lögreglustjórinn í Reykjavík
Jóhann Hauksson deildarlögfræðingur ÁFD
Fax: 551-0425. Sími: 569-9058

Sendi umsögn lögreglustjóran í Reykjavík um frmvarp til breytinga á hegningarlögum, lögum um ávana- og fíkniefni, áfengislögum ofl.

Einnig með eru hugleiðingar undirritaðs um frekari breytingar á lögum um ávana- og fíkniefni.

Beðist er velvirðingar á síðbúnu svari.

Kveðja,



Jóhann Hauksson
deildarlögfræðingur ÁFD.



LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Hverfisgötu 115 - Sími 569 9000 - Telefax 569 9099


Allsherjarnefnd Alþingis
Sólveig Pétursdóttir
150, Reykjavík.

Visað er til bréfs yðar frá 11. desember sl. þar sem óskað er umsagnar lögreglustjóra um frumvarp til laga um almenn hegningarlög, 183. mál, fikniefni, þvætti.

Frumvarp þetta er nauðsynlegt til að fullgilda tvo samninga Sameinuðu þjóðanna á sviði refsiréttar, eins og fram kemur í bréfi yðar. Löngu var tímabært að fullgilda báða þessa samninga. Þeir eru nauðsynlegir í baráttunni gegn fikniefnum, sameiginlegri baráttu allra. Þær lagabreytingar sem lagðar eru til eru að sama skapi nauðsynlegar. Með breytingunum verður að sönnu auðveldara að ná utan um afbrotin, bæði þá sem beinlínis eru gripnir við afbrot og þá sem á einhvern hátt aðstoða eða stuðla að brotum, en reyna að standa utan við. Það er því ekki nema gott eitt að segja um frumvarpið og umsögnin því mjög jákvæð.

Beðist er velvirðingar á síðbúnu svari.

Skrifstofu lögreglustjóra, 3. febrúar 1997.


Jóhann Hauksson
deildarlögfræðingur ÁFD.



Þar sem verið er að skrifa allsherjarnefnd Alþingis á annað borð *óskar undirritaður að komu að einni athugasemd, eða skoðun sinni*. Ekki beinlínis tengd frumvarpi þessu, og þó.

Það fikniefni sem gengur undir nafninu "ecstasy" eða "E-pilla", hefur valdið nokkrum vandræðum. Þetta heiti kemur hvergi fram í lögum eða reglugerðum. Þetta er þó það heiti sem inflytjendur, seljendur og neytendur nota og þekkja. Þeir eru sjaldnast meðvitaðir um hvaða vímuefni eru í töflunum, en það getur verið mjög mismunandi. Þekkt eru ýmis vímuefandi efni, svo sem metýlendíoxíamfetamín (MDA) metýlendíoxí-metamfetamín (MDMA), metýlendíoxietamfetamín (MDEA), metýlendíoxifenílbútana-mín (MBDB). Öll þessi efni hefur rekið á fjörur lögreglu hér, en einungis MDA og MDMA eru á lista yfir bönnuð efni. Þá er einnig þekkt, sem ecstasy, blanda af effedrini og ketamíni, og fleiri blöndur eru einnig þekktar. Skemmst að minnast dóms á síðasta ári þar sem menn voru sýknaðir af innflutningi og dreifingu á því sem þeir keyptu sem ecstasy, og

var blanda af effedrini og ketamini. Í ljós kom að ekki var hægt að benda á að þetta væru bönnuð efni. Dómarinn komst að þeirri niðurstöðu, að hvergi sé minnst á ecstasy í íslenskum lögum, og ekki sé heldur hægt að finna effedrín og ketamín á lista yfir efni sem bönnuð eru sem ávana- og fikniefni. Þannig að þó aðilar teldu sig vera að gera eitthvað ólöglegt, þ.e. að flytja inn ecstasy sem hafði þessa samsetningu, þá varð að sýkna þá, því tilraunaákvæði komu ekki að gagni, þ.e. að telja þá vera að flytja inn MDMA ecstasy, því þeir sögðust vita innihaldið, en töldu það jafnframt vera ólöglegt af því að það gekk undir nafninu ecstasy, og þeir keyptu það sem slíkt. Með öðrum orðum nafnið ecstasy verður að finnast í löggjöf með einhverjum hætti. Það þarf svo að sjálfsögðu að fylgja á lista yfir bönnuð efni öll þau þekktu efni sem til eru í þessu, sem og að fylgjast vel með tilkomu nýrra efna eða efnasmbanda og bæta þeim þá inn á listann.

Þetta er nauðsynlegt fyrir allar sakir. Lögreglan getur vart yfirheyrt af viti ef ekki er hægt að spyrja viðkomandi um hvort það sem hann hefur í sínum vörslum sé "ecstasy" eða "E-töflur", því ekki liggur ljóst fyrir fyrr en eftir rannsókn, sem tekur nokkurn tíma, alltaf 1-2 vikur, hvaða vímuefandi efni eru í töflunum, og að óbreyttu verður að krossleggja fingur þangað til niðurstaða liggur fyrir, og ef heppnin er með er um MDMA eða MDA að ræða. Það verður að vera hægt að vinna að og rannsaka mál út frá því sem er almennt þekkt meðal þeirra sem tilheyra "fikneifnaheiminum" svokallaða.


Drög að tillögu: Við 6. grein í lögnum nr. 65/1974 um ávana- og fikniefni bætist á eftir "allir ísómerar"..... Ecstasy (MDA-MDMA -MDEA -MBDB -Effedrin/Ketamin ofl).

Einhvernveginn svona og með nánari útskýringu í reglugerð, eða ...fikniefni sem ganga undir nafninu ecstasy XTC (ensk skammstöfun), og nánari útskýring í reglugerð.

Þá óskar undirritaður ennfremur að koma þeirri skoðun á framfæri hvort ekki væri ef til vill tímabært að endurskoða löggjöfina um ávana og fikniefni í heild sinni, og gefa út ný heildarlög. Þannig yrði allt um þessi efni komið í ein lög, lög sem byggðust á reynslu liðinna ára, alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að ofl. Þetta yrði til mikilla hagsbóta fyrir þá sem þurfa að vinna með fikniefnalögin og öll breytingalögin við þau, og sama á við um reglugerðir. Þeir sem ákærðir eru vita sjaldnast sitt rúkandi ráð þegar yfir þeim er þulin öll sú lagasúpa sem þeir eiga að hafa brotið gegn, og ef til vill ekki svo skritið.

Undirritaður þakkar allherjarnefnd Alþingis athyglina.

Virðingarfyllst,


Johann Hauksson,
deildarlögfræðingur.